

## **Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um ítarlegri rannsóknir á flug- og rekstraröryggi Reykjavíkurlugvallar**

Lagt er til að farið verði í ítarlegri rannsóknir á áhrifum nýrrar byggðar í Skerjafirði á flug- og rekstraröryggi Reykjavíkurlugvallar sbr. niðurstöður nýútkominnar skýrslu um það málefni sem ber heitið Nýi Skerjafjörður – áhrif byggðar og framkvæmda á flug- og rekstraröryggi Reykjavíkurlugvallar. Skýrslan kveður á um ábendingar um margvíslegar ítarlegar rannsóknir sem fram þyrftu að fara til að fá gleggri mynd af áhrifum viðbótarbyggðar á flug- og rekstraröryggi vallarins. Í lokaorðum skýrslunnar staðhæfa skýrsluhöfundar að þeim hafi ekki gefist tími til að vinna annað meginverkefni sitt, að gera flugfræðilega rannsókn og því nauðsynlegt að slík rannsókn verði unnin á fullnægjandi hátt.

### **Greinargerð**

Innviðaráðherra skipaði starfshóp í júlí 2022 sem átti að vinna að rannsókn áhrifa nýrrar byggðar og framkvæmda í Skerjafirði á flug- og rekstraröryggi Reykjavíkurlugvallar.

Vinna nefndarinnar fólst einkum í því að safna saman fyrirbyggjandi gögnum um flug- og rekstraröryggi Reykjavíkurlugvallar í ljósi fyrirhugaðrar byggðar í Skerjafirði. Í skýrslunni er fullyrt að umtalsverð íbúðabyggð á þessu svæði mun án nokkurs efa hafa neikvæð áhrif á flug- og rekstraröryggið, slík neikvæð áhrif flokkuð og taldar upp þær mótvægisáðgerðir sem helst koma til álita til að draga úr þessum neikvæðu þáttum. Auk þess er getið um ýmsa þætti sem ekkert hafa verið rannsakaðir, eða sem þyrfti að rannsaka mun betur. Í ályktun Öryggisnefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna vegna málefna Reykjavíkurlugvallar segir:

„Rétt er að benda á að til eru hjá ISAVIA gögn yfir vindmælingar á Reykjavíkurlugvelli, sem ná rúm 10 ár aftur í tímann. Þessi gögn geta meðal annars sýnt hvort og hvaða áhrif uppbygging í nálægð vallarins hefur haft á vindafar á vellinum á þessu tímabili. Mikilvægt er að rýna þessi gögn til hlítar til að meta áhrif byggðar á vindafar.

Sömuleiðis þarf að rannsaka áhrif viðbótarbyggðar á brautarskilyrði, svo sem bleytu og ísingarmyndun.“

Í lokaorðum skýrslunnar eru talin upp fleiri atriði sem ekki hafa verið rannsökuð sem geta haft áhrif á rekstraröryggi flugvallarins.

Umtalaðar mótvægisáðgerðir hafa ekki verið skilgreindar til hlítar eða útfærðar og óvíst að þær beri tilætlaðan árangur en þó er víst að rekstraröryggi skerðist.

Í lokaorðum skýrslunnar segir m.a.: „Starfshópnum var falið að vinna flugfræðilega rannsókn á fyrirhugaðri byggð í Skerjafirði auk áhrifa hennar og tilheyrandi framkvæmda á flug- og rekstraröryggi Reykjavíkurlugvallar. Nauðsynlegt hefði verið að vinna ítarlega rannsókn á aðstæðum og notkun á Reykjavíkurlugvelli til þess að uppfylla beiðni um flugfræðilega rannsókn. Að teknu tilliti til þess tímaramma sem til vinnunnar var ætlaður er hins vegar ljóst að rannsóknin var að mestu takmörkuð við rýni á fyrirbyggjandi gögnum.“S